



Fjarðabyggð

Fjárhagsáætlun 2010

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 29. desember 2009

Helstu forsendur

Skatttekjur:

Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fasteignasköttum og lóðarleigu. Fjárhagsáætlun 2010 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 2.263 m.kr. samanborið við 2.225 m.kr. í útkomuspá fyrir árið 2009.

Útsvar:

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 13,28% á árinu 2010. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur lækki lítillega frá þessu ári og verði 1.753 m.kr. á árinu 2010. Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ráð fyrir að útsvarstekjur lækki um 3% á landsvísu en í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar er gert ráð fyrir um 1% samdrætti. Muninn má rekja til þess hversu vægi útflutningsfyrirtækja er mikið í heildarlaunagreiðslum.

Fasteignaskattar og lóðarleiga:

Tekjur af fasteignasköttum og lóðarleigu aukast um tæp 2,6% frá fyrra ári. Samtals nema áætlaðar tekjur vegna þessara skatta um 510 m.kr. á árinu 2010. Aukning tekna skýrist af hækkun á matstofni fasteigna hjá Fasteignaskrá Íslands. Umfangsmikið endurmat fasteigna fór fram á landsvísu á árinu 2009, en nýtt mat myndar stofn fyrir álagningu ársins 2010. Lóðamat sem matstofn í lóðarleigu hækkar um 3,0% milli ára. Endurmat fasteigna þýðir um 1,7% hækkun fasteignaskatta miðað við óbreytt skatthlutföll. Samkvæmt núverandi álagningarstofnum hækka fasteignaskattar um 3,6 m.kr. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði hækkar um 6,1 m.kr. og fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði lækkar um 2,5 m.kr. á milli ára. Ekki er gert ráð fyrir breytingu í eignafjölda.

Við gerð áætlunar er gert ráð fyrir eftirfarandi álagsprósentum sem breytast ekki milli ára:

Fasteignaskattur A:	0,35 % af fasteignamati og lóðarmati.
Fasteignaskattur B:	1,32 % af fasteignamati og lóðarmati.
Fasteignaskattur C:	1,00% af fasteignamati og lóðarmati.
Lóðarleiga:	0,75% af lóðarhlutamati.

Fasteignaskattur Alcoa Fjarðaáls samkvæmt samningi er áætlaður 265 m.kr. á árinu 2010. Hækkun milli ára nemur 6 m.kr. en skatturinn tekur breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:

Framlög jöfnunarsjóðs í áætlun 2010 eru áætluð óbreytt frá árinu 2009 nema að skuldajöfnunarframlag vegna síðustu sameiningar fellur brott. Enn liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig tekjuforsendur jöfnunarsjóðs breytast við nýjustu breytingar á tekjusköttum. Tekjur jöfnunarsjóðsins byggjast á eftirfarandi fjórum tekjustofnum sem deilt er út til sveitarfélaga:

- Framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nema 0,77% af álagningarstofni útsvars hvert ár (tilkomið vegna yfirfærslu grunnskólans).
- Vaxtatekjur.

Meðaltekjur í Fjarðabyggð eru háar og ræður það mestu um að sveitarfélagið fær hvorki útgjaldajöfnunarframlög né aukaframlög. Miðað við útsvarsspá verða meðalútsvarstekjur áfram háar í

Fjarðabyggð í samanburði við önnur sveitarfélög. Er því hvorki gert ráð fyrir útgjaldajöfnunarframlagi né aukaframlagi til sveitarfélagsins á árinu 2010. Að öðru leyti miðast áætluð framlög 2010 við framlög ársins 2009 eins og þau voru gefin út af jöfnunarsjóðnum í haust. Lokagreiðsla vegna skuldajöfnunarframlags í tengslum við sameiningu Fjarðabyggðar og Austurbyggðar fór fram á árinu 2009.

Önnur fasteignatengd gjöld:

Vatnsskattur er 0,27% af fasteignmati og lóðarmati. Breytingar á fasteignamati skila um 3,4 m.kr. hækkun tekna vegna vatnsskatts á árinu 2010. Hækkun vatnsgjalds vegna álvers nemur 1,8 m.kr. milli ára og skýrist af hækkun á vísitölu neysluverðs.

Hækkun tekna af holræsagjöldum milli ára vegna breytinga á fasteignamati skilar um 3,2 m.kr. en ekki er gert ráð fyrir breytingu á álagningarhlutfalli sem er 0,25% af fasteignamati og lóðarmati.

Tekjur af sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi hækka vegna nýrra tunna á árinu 2009. Sorphirðugjöld voru hækkuð á árinu 2008 miðað við vísitölu eins og hún stóð í október mánuði. Frá október 2008 til október 2009 hefur vísitalan hækkað sem nemur 9,71% en í áætluninni er gert ráð fyrir að þessi gjöld verði hækkuð 1. janúar 2010 sem nemur vísitöluhækkun.

Leikskólar, skólasel og grunnskólar:

Fyrir á árinu 2009 tók bæjarráð þá ákvörðun að hækka gjaldskrár um 10% frá 1. september 2009 og gildir það út þetta skólaár. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki um 5% við upphaf næsta skólaárs. Breytingar á neysluverðsvísitölu frá nóvember 2007 til október 2009 er 26,3%.

Aðrar gjaldskrár:

Önnur þjónustugjöld í A-hluta voru hækkuð um 10% 1. janúar 2009 og munu hækka um 8% frá 1. janúar 2010. Verðlagsbreyting frá nóvember 2007 til október 2009 er 26,3%.

Hafnarsjóður:

Frá og með 1. janúar 2010 hækka gjaldskrár hafnarsjóðs um 10%. Hækkunin er í samræmi við hækkanir á verðlagi frá því að gjaldskrár var breytt síðast í árslok 2008.

Veitufyrirtækin:

Gjaldskrár hitaveitu og rafveitu hafa tekið breytingum bæði í árslok 2008 og aftur á miðju ári 2009.

Gjaldskrá Hitaveitu Fjarðabyggðar hækkar 1. febrúar 2010 um 7,9%.

Almennur taxti sölugjaldskrár Rafveitu Reyðarfjarðar hækkar um 3% frá 1. janúar 2010 og söluverð ótryggðrar orku hækkar einnig á sama tíma. Dreifigjaldskrá rafveitu hækkar um 6% frá 1. Janúar 2010.

Laun og launatengd gjöld:

Launaáætlun ársins 2010 byggist á áætlunum stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga og tekið er tillit til fyrirséðra samningsbundinna hækkana. Á vormánuðum 2009 var gripið til aðgerða til lækkunar á launakostnaði. Fólust þær m.a. í fækkun yfirvinnustunda,

breytingu á vaktafyrirkomulagi, breytingu á opnunartíma stofnana, fækkun nefndarfunda, breytingu á fyrirkomulagi bifreiðastyrkja og lækkun nefndarlauna. Áfram er gert ráð fyrir að ekki verði ráðið í störf sem losna í stjórnsýslunni nema með samþykki bæjarráðs. Þannig þarf að rökstyðja þörf á ráðningu í hvert einstakt starf. Laun og launatengd gjöld nema samtals 1.786 m.kr. hjá samanteknum A og B hluta og lækka sem nemur 61 millj. á milli ára. Þær aðgerðir sem farið var í á árinu 2009 munu koma inn að fullum þunga á árinu 2010 auk þess sem svið og stofnanir hafa sett sér aðhaldsmarkmið við kaup á yfirvinnu.

Almennir rekstrarliðir:

Innri húsaleiga hækkar umtalsvert frá árinu 2009 enda hækka aukin fjármagnsgjöld eignasjóðs verulega. Lán eignasjóða eru að stærstum hluta verðtryggð en 12 mánaða verðbólga miðað við október 2009 er 9,71%. Hækkun gengisvísitölu nemur um 8,8% á fyrstu 11 mánuðum ársins 2009.

Almennir rekstrarliðir voru áætlaðir út frá metinni þörf en gætt var ytrasta aðhalds við áætlun þessara liða. Stefnt er að hagræðingu í innkaupum með strangari innkaupareglum og útboðum. Þá verður leitað leiða til að hagræða í þjónustusamningum eins og kostur er.

Fjármagnsliðir:

Vaxtaútreikningar í áætlun ársins 2010 miðast við núverandi vaxtakjör. Verðbólga er áætluð 4,5% á árinu 2010 í samræmi við spár Seðlabanka og fjármálaráðuneytis. Ef miðað væri við 3% verðbólgu í stað 4,5% eins og sum sveitarfélög gera yrði rekstrarniðurstaða um 75 m.kr. hagstæðari en þessi fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu 2010. Langtímalán innan samstæðu þ.e. á milli A og B hluta eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir.

Samantekin álagningarhlutföll og breyting á þjónustugjöldum í fjárhagsáætlun 2010:

Fasteignaskattur A:	0,35 % af fasteignamati og lóðarmati.
Fasteignaskattur B:	1,32 % af fasteignamati og lóðarmati.
Fasteignaskattur C:	1,00% af fasteignamati og lóðarmati.
Lóðarleiga:	0,75% af lóðarhlutamati.
Vatnsgjald:	0,27% af fasteignamati
Holræsagjald:	0,25% af fasteignamati
Sorphreinsunargjald:	9,71% eða 11.817 kr. pr. ílát fyrir almennt sorp
Sorpeyðingargjald:	9,71% eða 10.172 kr. pr. ílát fyrir almennt sorp
Önnur gjöld sorpstöðvar	9,71% frá 1. janúar 2010
Leikskólar, skólasel og mötuneyti grunnskóla:	5% við upphaf nýs skólaárs haust 2010.
Aðrar gjaldskrár A-hluta stofnana	8% frá 1. janúar 2010
Hafnarsjóður:	10% frá 1. janúar 2010
Hitaveita:	7,9% frá 1. febrúar 2010
Rafveita sölugjaldskrá:	3% frá 1. janúar 2010
Rafveita dreifigjaldskrá:	6% frá 1. janúar 2010

Framkvæmdaáætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2010 flokkaðar eftir sjóðum og stofnunum eru eins og hér segir:

Eignasjóður

Íþróttahús Stöðvarfjarðar	500.000.- kr.
Skólamiðstöð Fáskrúðsfirði	1.500.000.- kr.
Gervigrasvöllur Norðfirði	1.500.000.- kr.
Verkkennsluhús Norðfirði	4.000.000.- kr.
Leikskólinn á Norðfirði	5.500.000.- kr.
Íþróttahús Eskifirði	6.000.000.- kr.
Reiðhöll Norðfirði	10.000.000.- kr.
Egilsbúð	12.000.000.- kr.
Hulduhlíð	25.000.000.- kr.
Gatnakerfi	29.500.000.- kr.
Snjóflóðamannvirki	30.000.000.- kr.
Samtals	125.500.000.- kr

Eignahaldsfélagið Hraun ehf

Sundlaug Norðfirði	7.000.000.- kr.
Samtals	7.000.000.- kr.

Hafnarsjóður

Grjótvörn	10.000.000.- kr.
Floteiningar með fingrum	13.000.000.- kr.
Neskaupstaðarhöfn	22.000.000.- kr.
Eskifjarðarhöfn	15.000.000.- kr.
Reyðarfjarðarhöfn	24.000.000.- kr.
Fáskrúðsfjarðarhöfn	1.000.000.- kr.
Stöðvarfjarðarhöfn	15.000.000.- kr.
Samtals	100.000.000.- kr.

Hitaveita Fjarðabyggðar	4.550.000.- kr.
Rafveita	4.500.000.- kr.
Fráveita	25.750.000.-kr.
Vatnsveita	20.000.000.-kr.
Sorpstöð Fjarðabyggðar	3.000.000.- kr.
<u>SAMTALS – ALLIR SJÓDIR</u>	<u>290.300.000- kr.</u>

Yfirlit A hluta og samstæðu A og B hluta

Fjarðabyggð	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Útkomuspá	Áætlun	Útkomuspá	Áætlun
Skýr.	2009	2010	2009	2010
REKSTRARREIKNINGUR				
Tekjur:				
Skatttekjur.....	2.225.351	2.263.136	2.225.351	2.263.136
Framlög jöfnunarsjóðs.....	312.623	218.156	312.623	218.156
Aðrar tekjur.....	394.647	377.403	1.488.086	1.514.426
	<u>2.932.621</u>	<u>2.858.695</u>	<u>4.026.060</u>	<u>3.995.718</u>
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld.....	1.702.181	1.634.848	1.846.902	1.786.227
Annar rekstrarkostnaður.....	993.159	968.628	1.381.961	1.446.722
Afskriftir.....	149.914	151.740	297.525	314.386
	<u>2.845.254</u>	<u>2.755.216</u>	<u>3.526.388</u>	<u>3.547.335</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	87.367	103.479	499.672	448.383
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(470.355)	(178.865)	(868.282)	(445.223)
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	(382.988)	(75.386)	(368.610)	3.160
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	(382.988)	(75.386)	(368.610)	3.160

EFNAHAGSREIKNINGUR	Eignir	Sveitarsjóður		Samantekið	
		A hluti		A og B hluti	
		Útkomuspá	Áætlun	Útkomuspá	Áætlun
	Skýr.	2009	2010	2009	2010
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir	3.651.575	3.655.361	4.135.247	4.112.027
	Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	601.843	588.155	3.400.062	3.399.015
	Vélar, áhöld og tæki	125.308	110.970	131.971	117.152
		<u>4.378.726</u>	<u>4.354.486</u>	<u>7.667.280</u>	<u>7.628.194</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Eignahlutir í félögum	349.687	349.687	358.262	358.262
	Langtímakröfur	44.511	46.151	246.720	249.458
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	181.997	140.629	0	0
		<u>576.195</u>	<u>536.467</u>	<u>604.982</u>	<u>607.720</u>
	Fastafjármunir	<u>4.954.921</u>	<u>4.890.953</u>	<u>8.272.262</u>	<u>8.235.914</u>
Veltufjármunir:					
	Birgðir.....	0	0	17.010	17.010
Skammttímakröfur:					
	Óinnheimtar tekjur	155.004	155.004	155.004	155.004
	Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki	848.374	882.612	0	0
	Aðrar skammttímakröfur	273.194	273.194	503.351	481.351
	Næsta árs afborganir langtímakrafna	45.340	49.921	0	8.365
	Verðbréf.....	0	0	0	0
	Handbært fé.....	193.019	209.119	211.134	227.234
	Veltufjármunir	<u>1.514.931</u>	<u>1.569.850</u>	<u>886.499</u>	<u>888.964</u>
	Eignir samtals	<u><u>6.469.852</u></u>	<u><u>6.460.803</u></u>	<u><u>9.158.762</u></u>	<u><u>9.124.878</u></u>

31. DESEMBER	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekið	
		A hluti		A og B hluti	
		Útkomuspá	Áætlun	Útkomuspá	Áætlun
Eigið fé og skuldir		2009	2010	2009	2010
Eiginfjárreikningar:					
Eigið fé.....		109.139	33.753	(195.590)	(192.429)
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....		0	0	0	0
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbindingar.....		1.092.450	1.092.998	1.164.225	1.164.773
Aðrar skuldbindingar.....		0	0	0	0
		1.092.450	1.092.998	1.164.225	1.164.773
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir.....		4.445.433	4.214.826	7.154.075	6.815.490
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		0	0	0	0
		4.445.433	4.214.826	7.154.075	6.815.490
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir.....		5.445	295.745	5.445	295.745
Reiknuð fjárbörf.....		0	0	0	0
Víðskiptaskuldir.....		0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		13.800	13.800	0	(0)
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....		354.419	360.515	546.814	557.506
Aðrar skammtímaskuldir.....		449.164	449.164	483.793	483.793
		822.828	1.119.224	1.036.052	1.337.044
Skuldir og skuldbindingar samtals		6.360.711	6.427.048	9.354.352	9.317.307
Eigið fé og skuldir samtals		6.469.850	6.460.801	9.158.762	9.124.878

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekið	
		A hluti		A og B hluti	
		Útkomuspá	Áætlun	Útkomuspá	Áætlun
		2009	2010	2009	2010
Rekstrarhreyfingar:					
Niðurstaða ársins	(382.988)	(75.386)	(368.610)	3.160
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Reiknaðar afskriftir		149.914	151.740	297.525	314.386
Verðbætur og gengismunur		369.610	127.290	618.005	221.683
Hlutdeild minnihluta í afkomu		0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga		0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(41.242)	(15.000)	(81.652)	(36.000)
Framlög frá eigin sjóðum		0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum		37.925	32.774	40.675	32.774
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		133.220	221.418	505.944	536.004
Breytingar á skammtímalíðum:					
Birgðir, lækkun (hækkun)		0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)		0	0	0	0
Aðrar skammtíma kr., lækkun (hækkun)		0	0	(22.000)	22.000
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	(50.000)	0	(50.000)	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(50.000)	0	(72.000)	22.000
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		83.220	221.418	433.944	558.004
Fjárfestingarhreyfingar:					
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum	(260.560)	(132.500)	(451.460)	(290.300)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		50.900	20.000	105.215	51.000
Eignahlutir í félögum, breyting		0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting	(0)	(0)	0	(0)
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting		41.626	46.360	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(168.034)	(66.140)	(346.245)	(239.300)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Framlög frá eigin fyrirtækjum		0	0	0	0
Breyting á hlutfé		0	0	0	0
Víðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		77.147	(34.239)	0	0
Tekin ný langtímalán		540.000	0	650.000	0
Afborganir langtímalána	(349.963)	(363.013)	(552.579)	(560.678)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting		0	0	(0)	0
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	(29.054)	(32.226)	(31.804)	(32.226)
Skammtímalán, breyting		0	290.300	0	290.300
Fjármögnunarhreyfingar		238.130	(139.178)	65.617	(302.604)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		153.315	16.100	153.315	16.100
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun		39.704	193.019	57.819	211.134
Handbært fé (fjárbörf) í árslok		193.019	209.119	211.134	227.234

Rekstraryfirlit
Árið 2010

	Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Afskrifir	Gjöld samtals	Fjármagns- liðir nettó	Rekstrar- niðurstaða
Aðalsjóður										
00 - Skatttekjur.....	2.263.136	187.401	0	2.450.537	0	0		0		2.450.537
02 - Félagsþjónusta.....	0	22.255	10.130	32.385	83.563	87.585		171.148		(138.763)
03 - Heilbrigðismál.....	0	0	0	0	0	3.964		3.964		(3.964)
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....	0	0	129.179	129.179	974.811	596.896		1.571.707		(1.442.528)
05 - Menningarmál.....	0	0	11.348	11.348	34.761	113.459		148.220		(136.872)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....	0	0	80.337	80.337	163.262	402.497		565.759		(485.422)
07 - Brunamál og almannavarnir...	0	0	104.999	104.999	117.489	55.639		173.128		(68.129)
08 - Hreinlætismál.....	0	0	12.072	12.072	26	14.912		14.938		(2.866)
09 - Skipulags- og byggingamál...	0	0	21.349	21.349	50.413	18.699		69.112		(47.763)
10 - Umferðar- og samgöngumál..	0	0	16.029	16.029	35.459	170.791		206.250		(190.221)
11 - Umhverfismál.....	0	0	18.500	18.500	58.959	50.499		109.458		(90.958)
13 - Atvinnumál.....	0	0	15.804	15.804	681	12.250		12.931		2.873
20 - Hagræðingarmarkmið.....	0	0	0	0	0	0		0		0
21 - Sameiginlegur kostnaður.....	0	8.500	38.895	47.395	82.410	164.524		246.934		(199.539)
27 - Lífeyrisskuldbinding.....	0	0	0	0	32.774	0		32.774		(32.774)
28 - Fjármagnsliðir.....	0	0	0	0	0	0		0	252.438	252.438
Aðalsjóður	2.263.136	218.156	458.642	2.939.934	1.634.608	1.691.715	0	3.326.323	252.438	(133.951)
Aðrir sjóðir í A - hluta										
Eignarhaldsfélagið Hraun ehf.....	0	0	150.626	150.626	0	16.201	33.669	49.870	(114.254)	(13.497)
Eignasjóður.....	0	0	558.069	558.069	0	81.211	103.734	184.945	(278.711)	94.413
Fyrirtæki í A-hluta.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tækjamíðs töð.....	0	0	63.229	63.229	0	42.872	14.338	57.210	(15.201)	(9.182)
Þjónustumíðs töð.....	0	0	30.924	30.924	240	20.716	0	20.956	(23.137)	(13.169)
Millifærslur.....			(884.087)	(884.087)	(884.087)	(884.087)	(884.087)	0	0	0
Sveitarsjóður A - hluti	2.263.136	218.156	377.403	2.858.695	1.634.848	968.628	151.740	2.755.216	(178.865)	(75.386)
Sjóðir í B - hluta										
Félagslegar íbúðir.....	0	0	74.067	74.067	1.596	38.861	16.405	56.862	(93.455)	(76.251)
Fráveita.....	0	0	81.710	81.710	11.481	26.564	9.663	47.708	(43.410)	(9.408)
Hafnarsjóður.....	0	0	506.800	506.800	101.393	179.501	78.491	359.385	18.584	165.999
Hitaveita.....	0	0	118.553	118.553	7.480	39.190	20.661	67.331	(56.340)	(5.118)
Hjúkrunarheimilið Uppsálar.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rafveita.....	0	0	207.700	207.700	8.907	161.675	7.848	178.430	(8.277)	20.993
Sorpstöð.....	0	0	61.511	61.511	13.602	53.169	3.041	69.812	(10.125)	(18.426)
Vatnsveita.....	0	0	150.114	150.114	6.920	42.566	26.537	76.023	(73.335)	756
Millifærslur.....			(63.432)	(63.432)	(63.432)	(63.432)	(63.432)	(0)	(0)	(0)
Samantekið A og B hluti	2.263.136	218.156	1.514.426	3.995.718	1.786.227	1.446.722	314.386	3.547.335	(445.223)	3.160